

Auglýsing

um

áætlun fyrir árið 1905 um verð á efni í túngirðingar og lánbeiðnir til þeirra.

Verð á gaddavir, járnteinum og járnstólpum þeim, sem lýst er í reglugjörd um túngirðingar 24. maí þ. á., er að því er snertir framlag eigenda eða ábúenda jarða, sem samkvæmt lögum um túngirðingar 19. des. f. á. vilja fá lán úr landssjóði á árinu 1905 til að girða tún sín, ákveðið samkvæmt 8. gr. laganna sem hjer greinir :

1. Gaddavirinn: 4 aura faðmurinn.

2. Járnteinarnir :

65 þuml. langir $5\frac{1}{2}$ eyrir fetið ;

52 — — $5\frac{1}{2}$ — — ;

42 — — 6 aura — ;

33 — — $6\frac{1}{2}$ eyrir — ;

24 — — $6\frac{1}{2}$ — — .

3. Járnstólparnir :

Vinkilbeygðir 8 aura fetið ;

Flatir . . 6 — — .

Beiðnir um nefnd lán verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 15. janúar næstkomandi.

Í stjórnarráði Íslands, 1. október 1904.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.